AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

Hinn 29. maí 1975 var í Brussel undirrituð og þar með formlega gengið frá viðbótarbókun við samninginn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, sem gerður var hinn 22. júlí 1972 og gekk í gildi 1. apríl 1973, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 2/1973.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. júní 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

ANNARS VEGAR,

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,

HINS VEGAR,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um að breyta samningi sínum frá 22. júlí 1972 svo sem hér segir:

1. gr.

Á texta samningsins verði eftirfarandi breytingar:

1. í 3. grein 4. tölulið 1. málsgrein komi í stað orðanna „bókunar nr. 1" orðin „bókunar nr. 1 og nr. 2". Í annarri málsgrein þessa sama töluliðs falli niður setningarhlutinn „sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs, og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands", og í stað orðanna „bókunar nr. 1" komi orðin „bókunar nr. 1 og nr. 2";
2. í 4. grein 2. tölulið og í 5. grein 3. tölulið falli niður orðin „Noregi" og „Noregur";
3. í 5. grein 3. tölulið falli niður setningarhlutinn „sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands";
4. í 37. grein, 1. málsgrein komi í stað orðanna „ítölsku, norsku og þýzku" orðin „ítölsku og þýzku".
5. í lok samningsins falli niður setningarnar:
   — „Utferdiget i Brussel tjueandre juli nitten hundre og syttito",
   — „For Rådet for De Europeiske Fellesskap".

2. gr.

Á texta bókunar nr. 1 verði eftirfarandi breytingar:

1. í 1. grein 3. og 4. tölulið og í 3. grein, lið f) falli niður orðið „Noregur".
2. í viðauka A falli niður orðið „Noregur" á titilblaði og allur dálkurinn fyrir Noreg.

3. gr.

Á texta bókunar nr. 2 verði eftirfarandi breytingar:

1. í 2. grein, tölulið 1 (b) í upphafi og í tölulið 1 (b) (i) öðrum undirlið falli niður orðið „Noreg".
2. í 2. grein, tölulið 1 (b) (i) og tölulið 3 falli niður orðin „sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna, Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands".
3. í 2. grein, tölulið 1 (c) (ii) falli niður orðið „Noregi".

4. gr.

Á texta bókunar nr. 3 verði eftirfarandi breytingar:

1. í stað byrjunar 2. greinar 1. töluliðs komi eftirfarandi texti:
„1. Að því leyti, sem viðskipti milli bandalagsins eða Íslands annars vegar, og Austurríkis, Finnlands, Noregs, Portúgals, Sviss og Svíþjóðar hins vegar, eða milli einhverra þessara síðast nefndu sex landa, fara fram samkvæmt samningum, sem fela í sér reglur samsvarandi þeim, sem kveðið er á um í þessum samningi, þá skulu eftirtaldar vörur einnig vera **taldar:";**
2. í 2. grein, 1. tölulið A í byrjun og í undirlið a) og ennfremur í B í byrjun og í undirlið a) komi í stað orðanna „landanna fimm" orðin „landanna sex";
3. í 7. grein skal bæta inn orðinu „Noregs" milli orðanna „Finnlands" og „Portúgals";
4. í stað texta 23. greinar 2. og 3. töluliðs komi eftirfarandi texti:
„2. Án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2 er endurgreiðsla tolla og hverskonar tollfríðindi óheimil í Danmörku og á Bretlandi, þegar flutningsskírteini er gefið út af tollyfirvöldum í Danmörku eða Bretlandi til að notið verði á Íslandi hlunninda tollskrárákvæða þeirra, sem þar gilda, og vísað er til í 1. tl. 3. gr. og 4. gr. samningsins, vegna vara, sem fluttar eru inn og notaðar í framleiðslu í Danmörku eða Bretlandi, nema ef um er að ræða þær vörur, sem við er átt í a-lið **1. tl. 25. gr.**
3. Án þess að það brjóti í bága við ákvæði 1. gr. bókunar nr. 2 er endurgreiðsla tolla og hverskonar tollfríðindi óheimil á Íslandi, þegar flutningsskírteini er gefið út af tollyfirvöldum á Íslandi til að notið verði í Danmörku eða Bretlandi hlunninda þeirra tollskrárákvæða þessara tveggja landa, sem vísað er til í 1. tl. 3. gr. samningsins, vegna vara, sem fluttar eru til Íslands og notaðar í framleiðslu þar, nema ef um er að ræða þær vörur, sem við er átt í 1. tl. 25. gr."
5. í 24. grein 2. tölulið, þriðja undirlið falli niður orðið „Noregi" og í fimmta undirlið sama töluliðs komi orðin „sex landa" í stað orðanna „fimm landa";
6. í 25. grein 1. tölulið, eins og honum var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 9/73 eiga orðin „löndunum sex" að koma í stað orðanna „löndunum fimm" í a-lið og öðrum undirlið b-liðar;
7. í 26. grein komi orðið „Noreg" milli orðanna „Finnland" og „Portúgal";
8. í 27. grein, 1. og 2. tölulið komi orðin „sex landa" og „landanna sex" í stað orðanna „fimm landa" og „landanna fimm";
9. í viðauka I, falli niður orðin „Noregi" og „Noregs" í skýringum 10 og 13.

5. gr.

Í bókun nr. 5 falli niður orðin „sem tókst í samningaviðræðum Evrópubandalaganna og Konungsríkisins Danmerkur, Írlands, Konungsríkisins Noregs og hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands".

6. gr.

Bókun nr. 6 verði breytt, sem hér segir:

1. í 1. grein 2. tölulið falli niður orðin „og Noregs" í aftasta dálki annarrar og þriðju töflu;
2. í 1. grein 3. tölulið falli niður orðið „Noregs" í aftasta dálki annarrar töflu.

7. gr.

Í lokabókun falli niður setningarnar:

— „Utferdiget i Brussel, tjueandre juli nitten hundre og syttito",
— „For Rådet for De Europeiske Fellesskap".

8. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á íslenzku, dönsku, ensku, frönsku, hollenzku, ítölsku og þýzku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Bruxelles hinn tuttugasta og níunda dag maímánaðar nítján hundruð sjötíu og fimm.

Nr. 15. 18. júní 1975.

AUGLÝSING

um aðild að lyfjaskrá Evrópu.

Hinn 10. júní 1975 var framkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent aðildarskjal Íslands að samningi um lyfjaskrá Evrópu, sem gerður var í Strasbourg hinn 22. júlí 1964.

Samningurinn tekur gildi fyrir Ísland hinn 11. september n. k.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 12. júní 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

CONVENTION ON THE ELABORATION OF A EUROPEAN PHARMACOPOEIA.

The Governments of the Kingdom of Belgium, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Sviss Confederation and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland,

Considering that the Parties to the Brussels Treaty of 17th March 1948, as amended on 23rd October 1954, resolved to strengthen the social ties by which they